



PÉSI

ATH!!Næsti Pési kemur út í sept.Efni þarf að berast í síðasta lagi 2. sept 2021



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafn Hrunamanna er aðildarsafn að Rafbókasafninu. Rafbókasafnið er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa, á slóðinni www.rafbokasafnid.is. Hægt er að nálgast efnið í tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Rafbókasafnsins, www.rafbokasafnid.is.

Vanti þig númerið á bókasafnskortinu þínu getur þú haft samband með því að senda tölvupóst á netfangið: bokasafn@fludir.is eða senda skilaboð í gegnum facebook síðu safnsins.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18



leitir.is



Frá og með 1. september verður líka opið á fimmtudögum frá kl. 11-13.

Munið að skila safngögnum, skilalúgan er alltaf opin – Verið velkomin ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Sundlaugin á Flúðum.

Sumaropnun:

Frá 3. ágúst –15.ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 13:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Ágúst 2021
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

31 árgangur.
362 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nú er runninn upp enn einn ágústmánuðurinn og þegar ég rifja það upp sem ég skrifaði fyrir ári síðan um stöðuna í Covid hefði maður nú ekki haldið að við og heimsbyggðin yrði í þessu basli að ári liðnu. Sem betur fer hefur Íslendingum borið gæfa til að grípa til skynsamlegra aðgerða þegar lítið er í baksýnispegilinn en þó er ekki sopið kálið þó í ausuna sé komið.

Þessa dagana eru smit útbreidd og eins og með önnur samfélög þá erum við ekki undanskilin. Ég óska þeim sem eru heima í Covidleiðindum góðs gengis og bata. Það er bersýnilegt að rétta leiðin sé að bólusetja eins og enginn sé morgundagurinn og nú er runninn upp tími örvunarbólusetninga og síðan væntanlega verða börnin næst í röðinni. Það er afar mikilvægt að hægt sé að halda samfélaginu gangandi, hvort sem það er opinber starfssemi eða atvinnulífið almennt. Eins og staðan er núna ætti almennt skólastarf að geta hafist og tengd starfssemi en mikilvægt er að allir hugi að sóttvörnum og beiti almenntri skynsemi til að halda þessari baráttu áfram.

Allt þetta getur haft áhrif á tekjustreymi sveitarfélagsins og atvinnulífsins en við fyrstu sýn virðist hvoru tveggja skrölta þokkalega áfram en það verða klárlega miklar áskoranir í rekstri sveitarfélagsins áfram. Lykilatriði í því er að ferðamannaíðnaðurinn er að taka vel við sér og bæði vaxandi fjöldi erlendra ferðamanna og síðan Íslendingurinn innanlands hafa komið sterkt inn. Vonandi verður framhald á því að Íslendingar sjái ljósið og ferðist í auknum mæli innanlands því ég býst við því að þessi skrítna staða hafi verið uppgötvun fyrir marga hvað Ísland er frábært ferðaþjónustuland.

Það fór fyrir lítið að halda „Flúðir um Versló“ en hins vegar var mikið um fólk á ferðinni og eftir því sem maður hefur hlerað brjálað gera hjá ferðaþjónustuaðilum. Það var líka ánæguleg að allt fór vel fram og hegðun fólks og umgengni var almennt góð. Það er hætt við að lítið verði af Uppskeruhátíðinni og hún fari aftur í pásu þetta árið. Verra væri ef við gætum ekki haldið réttir með hefðbundum hætti en eins og staðan er núna er maður ekkert brjálæðislega bjartsýnn um að svo verði.

Á vettvangi sveitarstjórnar hefur að venju verið rólegt sumar en verkefni ársins í farvegi þrátt fyrir Covid vesnið. Venju samskvæmt þarf að fara að huga að skipulagi verkefna næsta árs og yfirfara fjárhagsáætlun þessa árs enn og aftur og undirbúa það næsta.

Nú liggur fyrir niðurstaða útboðs á sorphirðu og móttöku á úrgangi og lítur út fyrir að það verði skipt um hirðuaðila en Kubbur var lægstbjóðandi varðandi þessa þjónustu. Síðan getur fólk og fyrirtæki sett sig í stellingar við að fara í fjöggra tunnu flokkun.

Verkefni sumarsins mjakast síðan áfram. Það var afar ánægjulegt að sjá að það náðist að malbika hringtorgið á Flúðum fyrir verslunarmannahelgi. Það er nánast fyndið að fylgjast með því hvað sú aðgerð hafði mikil og góð áhrif á umferðarflæðið um verslunarmannahelgina og er mín skoðun að þetta sé mikilvægasta umferðaröryggisframkvæmd sem fram hefur farið í sveitarfélaginu seinni árin.

Það er síðan afar ánægjulegt að byrjað sé á vegaf framkvæmdum upp að Hruna og að Langholtshringurinn sé að klárast. Það er líka frábært að verið sé að klára að klára að þrífasa rafmagn í vesturhluta sveitarfélagsins. Hins vegar myndum við alveg þiggja það að þeir verktakar sem vinna þessi verk væru ekki að slíta eða skemma ljósleiðarann með tilheyrandi vesini fyrir alla. Varðandi ljósleiðarann þá vil ég hvetja alla sem geta en ekki hafa tengst ljósleiðara Hrunaljóss á Flúðum að gera það því þetta góða fyrirtæki okkar allra veitir ekki af öllum notendum.

Þá eru framkvæmdir við Gröf á góðu róli þó fornleifaframkvæmdir og skipulagsmál hafi aðeins tafið verkið. Hreinsistöðin sem á að setja niður við Gröf er komin á svæðið og bíður niðurstæningar. Þá er samhlíða þessu verið að plana malbikun og hellulögn við Félagsheimilið og vonandi gengur það allt upp í haust og „Alda aldanna“ komist á sinn stað. Það var líka ánægjulegt að í fyrsta skipti í mörg ár þá lak þakið í miðhluta Félagsheimilisins ekki í rigningum sumarins sem eru klárlega framfarir sumarsins !!!

Það tókst vel að halda 17. júní hátíðarhöldin sem betur án takmarkana og þakka ég nefndinni og þeim sem að stóðu fyrir sitt framlag. Það er síðan gaman að geta veitt viðurkenningar fyrir góða hluti og vil ég óska Þórdísi Jónu Kristjánsdóttur til hamingju með að vera valinn íþróttamaður Hrunamannahrepps 2020 annað árið í röð og þeim Mörtu og Þór á Kópsvatni með umhverfisverðlaunin og Skógræktarfélaginu fyrir umhverfishrósið.

Það hefur síðan verið mikil gerjun í starfsmannamálum og hefur mönnun leikskólans verið sérstök áskorun. Nú horfir þó til betri vegar því verið er að vinna að ráðningu Ingveldar Eiríksdóttur sem leikskólastjóra fyrir skólaárið 2021-2022 og síðan hefur bæst í starfsmannahópinn. Starfsemin ætti því að geta hafist í haust með eðlilegum hætti ef allt gengur upp en ég vil hrósa starfsfólki leikskólans fyrir góð störf á krefjandi tímum í þessri nauðsynlegu stofnun okkar.

Fleira er líka að fréttu en við erum að ráða Þórarinn Guðna Helgason sem forstöðumann Félagsmiðstöðvarinnar Zero og vonandi getur starfssemi félagsmiðstöðvarinnar verið á fullu gasi í vetur. Þá hafa sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Skeiða- og Gnúpverjahreppur ákveðið að ráða Gunnar Gunnarsson sem íþrótt- og tómastundafulltrúa og verkefnisstjóra heilsueflandi samfélags. Vil ég bjóða þetta starfsfólk velkomnið til starfa og Gunnar reyndar til aukinna starfa og hlakka ég til að vinna með þessu fólki að góðum verkum.

Vardandi starfsfólk þá vil ég sérstaklega hrósa starfsfólki sundlaugarinnar og tengdum aðilum sem þurftu að sinna málum vegna slyss sem kom upp í sundlauginni í sumar. Það er víst þannig að það sem maður heldur að geti aldrei gerst getur gerst. Það er því að þakka góðum og réttum viðbrögðum starfsmanna og tengdra aðila að vel fór í þessu tilviki.

Að lokum vil ég minna fólk á að huga að umhverfi sínu, klippingum á trjám og gróðri í ljósi góðrar sprettu í sumar til að auðvelda aðgengi og stuðla að almennri snyrtimennsku á öllum sviðum.

Ég vil óska öllum góðra sumarloka og eigum gott haust saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.



LYFJA SELFOSSI
ÚTIBÚ LAUGARÁSI
BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

OPIÐ

10-16 mán - fim

Lokað fös - sun



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

***Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00
og 13:00-16:00,***

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

Fótaaðgerðastofa Öddu Sigu Miðfelli 2a

Opið alla virka daga frá 8-16
Tím pantanir í s: 8676580





KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opið alla daga frá kl. 12.00 til 21.00.

Open daily from 12.00 to 21.00.

Borðapantanir eru í síma 486-6454

For reservations call 486-6454

Þar sem sætapláss hjá okkur verður takmarkað a.m.k. næstu vikur, þá minnum við á „take away“. Getum afhent matinn út í bíl, sé þess óskað.

As our seating capacity will be limited at least over the next few weeks, we offer take away. We can also deliver the food to your car, if requested.

Verið velkomin! *Everyone welcome!*

**<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel
Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is**

Flokkunarhornið.

Breytt flokkun!!

Framundan er breyting á flokkun.

Fjórar tonnur í stað þriggja áður.

Plast og pappi fer þá í sitt hvora tonnuna.

Nánari upplýsingar verða sendar út þegar nær dregur.



LANDSTÓLPI 20
ára
-2000-2020-

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

Flutningaþjónusta Unnars

Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15
alla virka daga.**

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf
að liggja fyrir .**

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is



Bjarnabúð Reykholti leitar að starfskrafti!

Við erum að leita að einstaklingi með framúrskarandi hæfileika í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera eldri en 25 ára, enskumælandi, með reynslu á atvinnumarkaði ásamt því að geta sýnt sjálfstæð vinnubrögð.

Vinnutími er samkomulagsatriði.

Einnig vantar okkur helgarstarfsmann sem gæti verið 2 helgar í mánuði og í skólafríum,

Áhugasamir hafi samband við Kristinn í síma 896-7003

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Litla Melabúðin

**Sumaropnun lýkur
18. ágúst**

**Nýr opnunartími:
Opið alla daga
12-17**

S: 694-6768

facebook.com/litlamelabudin

instagram.com/litlamelabudin

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fánleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Baggamunur

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPÞJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is



Vinna við



vatnstank í Berghylsfjalli



17. júní 2021



Umhverfisverðlaun 2021

Umhverfíshrósið:)



Íslandsmeistarar 2020



Íþróttamaður ársins 2020



80
STAÐIR
UM LAND ALLT

EIMSKIP
Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning
eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Hrunamannahreppur

Sorphirða 2021

Hrunamannahreppur

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28						

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

-  Sorph - Efri Hrunamannahreppur
-  Sorph - Neðri Hrunamannahreppur
-  Blátt - Allur Hrunamannahreppur
-  Brúnt - Allur Hrunamannahreppur
-  Rúlluplast - Allur Hrunamannahreppur

s. 577 5757

igf@igf.is